



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 82-3100

30. fundur

var haldinn mánudaginn 18. september 1978 á skrifstofu skólameistara kl. 18.00. Mættir voru á fundinn: Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, form. skólanefndar, Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Hreinn Ásgrímsson og Jón Hólmgeirsson.

Auk ofangreindra var mættur á fundinn fulltrúi kennara í skólanefnd, Sigrún Þorsteinsdóttir.

1. Ráðning ritara.

Nefndin var sammála um að ráða þyrfti ritara skólanefndar. Sigríður Bílddal tók að sér ritarastörf á þessum fundi.

2. Frásögn af vígslu hússins.

Föstudaginn 8. september s.l. fór fram vígsla nýbyggingar FS eftir 18 vikna byggingartíma. Nýbyggingin var þó viku á eftir áætlun, og skólasetningu var því frestað til 9. sept. Við athöfnina mættu um 100 manns s.s. sveitarstjórnarmenn, kennarar og starfsmenn þeir sem unnið höfðu við bygginguna.

Jón Böðvarsson, skólameistari, bauð gesti velkomna og síðan flutti Gunnar Sveinsson, form. skólanefndar, stutta ræðu og rakti þar hina stuttu en viðburaðarríku sögu skólans.

Gunnar þakkaði öllum þeim sem hönd höfðu lagt á plóginn við bygginguna vel unnin störf og rómaði hann mikið dugnað og ósérhlífni þeirra.

Þá tók Jón Böðvarsson til máls og tók í sama streng og Gunnar og bauð síðan gestum að þiggja veitingar.

Fullyrða má að með þessari nýbyggingu er merkilegum áfanga náð í sögu skólamála á Suðurnesjum. Allt bóklegt nám Fjölbrautaskólans er nú komið undir sama þak, auk þess sem nemendur fá þar aðstöðu fyrir félagsstarfsemi sína. Í þessum byggingaráfanga fær skólinn 10 nýjar kennslustofur, en auk þeirra eru á nýju hæðinni skrifstofa skólameistara og skrifstofa NFS, en hæðin er 862 m². Þá fékk skólinn mjög gott rými í risi hússins, en því er ólokið ennþá, en þar er fyrirhugað að kennarar fái starfsaðstöðu. Gólfhlötur í risi er 182 m².

Þó mikið verk hafi verið unnið í sumar við nýbyggingu skólans þá er enn mikið óunnið t.d. frágangur skólans að utan, frágangur á lóð og flísalagning.

3. Skólasetning.

3. skólasetning FS var haldin í Félagsbíói á Suðurnesjum 9. september kl. 14.00. Ávarp flutti Albert Kari Sanders af hálfu Samstarfsnefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum. Síðan söng barnakór Grindavíkur undir stjórn Eyjólfis Ólafssonar. Jón Böðvarsson skólameistari hélt þá skólasetningarræðu sína og setti skólann að henni lokinni. Kynnir var Gizur í. Helgason.

4. Athugasemdir ráðuneytis.

Form. skólanefndar, Gunnar Sveinsson, las upp bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem gerðar voru athugasemdir varðandi rekstrarkostnað skólans árin '76 og '77.

Bréfið frá ráðuneytinu var rætt af nefndarmönnum og farið yfir ýmsar athugasemdir ráðuneytis. Frekari umræðum var síðan frestað til næsta fundar.

Nefndin samþykkir að mótmæla skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga, og var skólameistara falið að skila rökstuddri greinagerð varðandi athugasemdirnar fyrir næsta fund.

5. Fjárhagsstaða byggingarinnar.

Skólameistari gerði grein fyrir fjármálum nýbyggingarinnar. Hann sagði frá að allir reikningar fyrir efni og vinnu væru komnir og hefði áætlaður kostnaður vegna nýbyggingar reynst raunhæfur eða um 108 milljónir. Af þessari upphæð hefur ríkið greitt 30 milljónir, sveitarfélögin hafa greitt 40 milljónir, Brunabótafélag Íslands hefur lánað 10 milljónir og Sparisjóðurinn í Keflavík hefur lánað 11 milljónir. Skuldir skólans vegna nýbyggingarinnar eru því 17 milljónir.

Brunabótafélag Íslands hefur samþykkt að lána skólanum 10 milljónir eins og að ofan greinir. Hinn 15. september voru greiddar 5 milljónir af þessum 10 og 5 milljónir verða greiddar 15. október. Hvort lán er til 3ja mánaða.

Skólanefnd samþykkir að fela skólameistara að rita bréf til menntamálaráðuneytis, þar sem farið verður fram á að í fjárlögum ársins '79 verði veittar þær 63 milljónir sem ógreiddar eru af stofnkostnaði ásamt verðbótum.

Af þessari upphæð verði vinsamlegast greiddar fyrirfram 17 milljónir til að unnt sé að greiða gjaldfallnar skuldir.

6. Ýmis mál.

Sigrún Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara í skólanefnd bar fram fyrirspurn um hvort greiðsla fengist vegna aksturs kennara sem búsettir eru á Reykjavíkursvæðinu.

Nefndin vísaði til fyrri samþykktar í 17. fundargerð um að vísa málinu aftur til S.S.S. og var skólameistara falið að rita bréf varðandi málið til S.S.S.

Nefndin felur skólameistara að rita menntamálaráðuneytinu bréf þar sem þess er óskað að Ingólfur Halldórsson verði endursettur aðstoðarskólameistari þar sem hann hafi ekki fengist skipaður.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 20.00.